

## Höttur - ÍA, 26. jan. kl. 18:30

Skrifað af Körfuboltadeild

Miðvikudagur, 25 Janúar 2012 17:51

---

Höttur leikur gegn ÍA í 1. deild Íslandsmótsins fimmtudaginn 26. janúar kl. 18:30 í Íþróttahúsinu á Egilsstöðum.

Hattarliðið byrjaði mótið með fimm sigrum en nú er að baki sex leikja taphrina. Mikilvægt er að komast aftur í gang og ná sigri gegn ÍA. Hattarliðið á ennþá góða möguleika á að komast í úrslitakeppni um sæti í Úrvalsdeild en lið númer 2 - 5 í deildinni munu keppa um laust sæti þar. Efsta liðið í 1. deild fer beint upp og Ísfirðingar eru langleiðina búnir að tryggja sér það sæti en að öðru leyti er deildin jöfn og mörg lið eiga möguleika á sæti í úrslitakeppninni.

Staðan í 1. deildinni er þannig: KFÍ 24 stig/13 leikir, Skallagrímur 16/11, Breiðablik 14/12, Hamar 12/11, ÍA 12/11, Höttur 10/11, Þór A 10/12, FSU 8/12, ÍG 8/13, Ármann 4/12.